

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bílastæði við Brávallagötu (US210318).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir rökum skipulagsyfirvalda um að taka 12 bílastæði við Brávallagötu undir rafbílastæði án samráðs við íbúa. Bílastæði við götuna eru of fá og ekki vitað hvort nokkur sem þarna býr sé á rafbíl. Fulltrúi Flokks fólksins hefur talað um að flýta skuli orkuskiptum og þá ekki síst með því að liðka fyrir rafbílum m.a. með ívilnunum og á það einnig við um twin-bíla. Metanbílar eru ekki margir í Reykjavík og hefur borgin frekar vilja brenna metan á báli á söfnunarstað en nýta það. Rafbílar eru því miður enn of dýrir og hafa þeir sem minna hafa milli handanna ekki ráð á þeim. Nú hefur frést að án samtals við íbúa að bílastæði við Brávallagötu séu tekin undir rafbílastæði. Sumum finnst að þessi aðgerð sé eins konar þvingunarleið skipulagsyfirvalda til að fólk fari á rafbíl. En það er varla hægt að þvinga fólk til að gera eitthvað sem það hefur ekki efni á.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 24. nóvember sl.

Umsögn:

Þann 22. júlí 2021 heimilaði borgarráð umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gerð hleðslustæða fyrir rafbíla í borgarlandi og í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar. Meðal þeirra staðsetninga sem borgarráð heimilaði að tekin væru undir hleðslustæði voru bílastæði við Brávallagötu.

Staðsetning stæðanna við Brávallagötu var valin með hliðsjón af nálægð við spennustöð og að margar íbúðir á svæðinu hafa ekki aðgang að stæði innan lóðar, til að koma upp eigin hleðslustöðvum. Þá höfðu sviðinu borist óskir frá íbúum um uppsetningu hleðslustöðva á svæðinu, auk þess sem líta verður til þess að stæðin þjóna fleirum en eingöngu íbúum næstu íbúða.

Svo sem fram hefur komið í fyrri erindum skrifstofunnar til ráðsins sem og í opinberri tölfræði Samgöngustofu, fjölgar rafmagns- og blendingsbílum ört hér á landi og því aðkallandi að bregðast við með fjölgun hleðslustæða sem aðgengileg eru almenningi. Við Brávallagötu er gert ráð fyrir 10 hleðslustæðum en eingöngu 6 þeirra hafa verið tekin í notkun. Hin stæðin verða tekin í notkun eftir því sem eftirspurn eftir stæðunum eykst.



Reykjavíkurborg

Breytingin á stæðunum er minniháttar aðgerð af stærðargráðu sem almennt er ekki sérstaklega kynnt fyrir íbúum á svæðinu. Framkvæmdin var kynnt fyrir og samþykkt af borgarráði.

Meðfylgjandi er teikning af fyrirkomulag stæðanna við Brávallagötu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Teikning af hleðslustæðum við Brávallagötu.

